

Fundargerð

281. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Miðvikudaginn 12. febrúar 2020 kl. 09⁰⁰–10⁴⁵.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Guðrún Ragnarsdóttir (GR)
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM) (fj.v.) Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fj.v)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

2. Úrvinnslusjóður

LHG minnti á að umsögn Úrvinnslusjóðs um framkomin frumvörp vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis væru í stjórnargátt sjóðsins.

3. Raftæki

Lögð voru fram á fundinum erindi um ósk á hækkun á endurgjaldi fyrir lítil raftæki. Frá því að endurgjaldi var breytt 1.janúar 2019 hefur verðið á markaði lækkað úr 19 kr/kg í 3,4 kr/kg. Jafnframt að um síðustu áramót hækkðu skipaflutningar vegna hækkunar á svokölluðu olíugjaldi hjá skipafélögum.

ÓK fór yfir kostnaðarlíkan Úrvinnslusjóðs fyrir lítil raftæki. Stjórnarmenn ræddu stöðuna á markaði.

Umræðu frestað.

4. Hjólbarðar

Lagt var fram á fundinum erindi um hækkun á endurgjaldi fyrir endurvinnslu hjólbarða. Sagt var frá því að meðhöndlunargjald fyrir endurvinnslu á hjólbörðum hafi hækkað umtalsvert um sl. áramót. Þá hefur kostnaður við útflutning hækkað vegna hækkunar á olíugjaldi skipafélaganna. ÓK fór yfir kostnaðarlíkan vegna hjólbarða.

Samþykkt að hækka endurgjald fyrir endurvinnslu á hjólbörðum úr 58 kr/kg í 65 kr/kg.

ÍG yfirgaf fund kl. 9:40

5. Ökutæki

ÓK kynnti fyrirhugað verkefni með Samgöngustofu um rafræn skilavottorð og rafræna afskráningu ökutækja. Farið var yfir fyrstu drög að kostnaðaráætlun fyrir hugbúnaðargerð og rekstur kerfisins.

Sagt var frá fundi sem var haldin með Ríkiskaupum, Samgöngustofu og Úrvinnslusjóði í lok janúar þar sem farið var yfir verkefnið. Á þeim fundi var m.a. rætt um hvort líti eigi á

hugbúnaðarvinnu og rekstur sem aðskilin verkefni varðandi útboðsskyldu. Niðurstaða Ríkiskaupa liggur fyrir og var hún lögð fram á fundinum. Mat Ríkiskaupa er að umfang verkefnisins telst hugbúnaðargerð og rekstur í fjögur ár, sem er vel yfir útboðsmörkum. Stjórnarmenn ræddu stöðuna sem og um aðkomu Ísland.is að slíku verkefni.

6. Úrvinnslusjóður

Lagt var fram á fundinum erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um veiðarfærasamning Úrvinnslusjóðs og SFS. Þar var lagt til að fara yfir samninginn og móttöku og endurvinnslu veiðarfæra á stjórnarfundi í mars. Stjórn ákvað að samningurinn yrði ræddur á stjórnarfundi 11. mars n.k.

7. Stefnumótun

Guðrún Ragnarsdóttir (GR) mætti á fundinn kl. 10 og fór yfir vinnu við stefnumótun og næstu skref. Sýndar voru glærur á fundinum um hlutverk, framtíðarsýn Úrvinnslusjóðs til ársins 2025 og áherslur næstu 3ja ára, var það framhald umræðu frá síðasta stjórnarfundi um stefnumótuna.

Stjórnarmenn ræddu um áherslur til næstu 3ja ára og markmiðasetningu. LÓ yfirgaf fund kl. 10:30.

Stjórn setur sér að samþykkja stefnumótun sjóðsins á næsta fundi stjórnar.

8. Önnur mál

Engin

Næsti fundur 11. mars 2020 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:45

Laufey Helga Guðmundsdóttir
Bryndis Gunnlaugsdóttir